

## Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

*Efni: Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra nýtingu*

Nytjaréttshafar/upprekstraraðilar á Landmannaafretti hafna alfarið drögum að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu sem birtust í samráðsgátt stjórnvalda 24. september sl. Nytjaréttshafar/upprekstraraðilar telja innihald draganna vera aðför að hálandisbeit á Íslandi og ekki unnin í samvinnu við bændur sem nýta hálendi Íslands.

Til að setja hlutina í eitthvert samhengi er ágætt að skyggjast aftur til ársins 1783 þegar Skaftáreldar geisðu á Íslandi og eldur var uppi í Lakagígum sem hafði miklar og slæmar afleiðingar. Móðuharðindi fylgdu í kjölfarið sem höfðu áhrif á alla Íslendinga, búfenað á Íslandi og landsins gæði, auk þess sem hörmunganna gætti víða um heim í kjölfar eldanna. Fólki og fenaði fækkaði á Íslandi og gæðum landsins hnignaði. Í ritinu *Blöndu I* í kaflanum úr sögu skóganna, bls. 256 er ritað 2. sept 1816 kæra til sýslumanns í Vík vegna gegndarlausss skógarhöggss og kolabrennslu, einkum utansveitar og utansýslumanna í Skaptártunguskógum. 9. - 15. júní 1817 liðkar stiptamtmaður málið á þá leið fyrir Eyfellingum að fyrst um sinn megi ekki meina þeim nauðsynlega kolagerð og skógarhögg í Skaptártunguskógum, sökum þess að Rangárþingsskógarnir, Goðaland, Þórsmörk og Landskógar séu þá svo uppurðir að þar sé ekki kolablað að fá.

Hér eru heimildir um hvernig skógunum á Íslandi var eytt þar sem fólk var að reyna að halda sér á lífi. Á sl. áratugum er íslenska sauðkindin gerð að blóraböggli gróðurlítilla svæða sem á því miður við lítil sem engin rök að styðjast. Sauðfjáreigendur verða einnig ósjaldan fyrir aðkasti á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum vegna þessa útbreidda misskilnings og vanþekkingar. Það þekkir enginn betur beitarsvæðið en bændurnir sem fara oft á ári um beitarlöndin og hafa gert í áratugi og sjá hver þróunin er. Það er fyrst og fremst veðurfar, jarðvegsgerð og hitastig sem stjórna því hvernig ástand landsvæða er. Sauðfé fer fækkandi í landinu og með hlýnandi veðurfari hafa átt sér gríðarlega jákvæðar breytingar á gróðri síðastliðna áratugi á hálendi Íslands. Nýting landsvæða þarf að vera með skynsamlegum hætti og er þá ekki einungis verið að tala um búfjárbreit heldur einnig aðra nýtingu landsvæða t.d. vegna ferðamanna.

Nytjaréttshafar/upprekstraraðilar hafna því alfarið að nota eigi sömu viðmið um láglandisgróður og hálandisgróður þegar verið er að meta hvort land er sjálfbært. Í reglugerðardrögum um sjálfbæra landnýtingu 3. gr. *Orðskýringar* - 18. lið er talað um *visteiningu*. Nytjaréttshafar/upprekstraraðilar telja þessa skilgreiningu óskýra og flókna og kemur fram að einingin skuli kortlögð í mælikvarðanum 1/12.000 - 1/100.000. Upprekstraraðilar telja kortlagningar og gróðurrannsóknir á hálendi Íslands það stutt á veg komnar að ekki sé hægt að nota skilgreininguna *visteiningu*.

Í reglugerðardrögum 10. gr. - lið B kemur fram gagnagrunnur GróLindar. Það er mat nytjaréttshafa/upprekstraraðila á Landmannaafretti að ástandsmat GróLindar á Landmannaafretti sé ekki í samræmi við raunverulegt ástand afréttarins. Upprekstraraðilar telja það varhugavert hversu mikið er verið að vitna í ástandsmat GróLindar og byggja á kortagrunni og gróðurflokkun GróLindar þar sem ekki er enn hægt að treysta gögnunum sem þar eru inni. Það er mat

nytjaréttihafa/upprekstraraðila að gögnin fyrir Landmannaafrétt séu ekki rétt og ekki unnin af nógu mikilli nákvæmni.

Sumarið 2020 óskuðu upprekstraraðilar eftir því að fara í vettvangsferð um Landmannaafrétt með Bryndísi Margeirsdóttur verkefnisstjóra GróLindar. Ferðin var farin 27. ágúst 2020. Auk Bryndísar var einnig Gústav Ásbjörnsson frá Landgræðslu ríkisins með í för ásamt fulltrúum upprekstraraðila, Kristni Guðnasyni og Guðlaugu Berglind Guðgeirsdóttur. Upprekstraraðilar voru vel undirbúnir fyrir ferðina með útprentuð kort úr vefsíðu GróLindar og vildu fá skýringar á því hvers vegna fjöll sem snúa í vestur og norður á Landmannaafrétti eru nánast alltaf flokkuð í versta gróðurflokk GróLindar þrátt fyrir að vera vel gróin með heildstæða gróðurþekju. Auk ýmissa annara svæða sem upprekstraraðilar telja vanmetin í kortagrunni GróLindar. Lítið var um svör til að byrja með af hálfu Landgræðslufulltrúa og ekki fyrr en upprekstraraðilar drógu upp mynd úr öðrum landshluta, þar sem komu fram berar fjallshlíðar sem voru að flokkast í bestu gróðurflokka GróLindar. Þarna var greinilega á ferðinni hrópanði ósamræmi í gróðurflokkun í GróLind eftir landshlutum, hvað sem veldur? Það er mat upprekstraraðila að gögnin í GróLind séu enn um sinn ónákvæm og ekki til að byggja á. Eftir ferðina kom minnisblað frá starfsmönnum Landgræðslunnar dagsett 11. september 2020.

Tekið orðrétt úr minnisblaðinu:

*„Það land sem upprekstraraðilar töldu rangt metið má í stórum dráttum skipta í þrjá hópa.*

*1. Land þar sem að mosi er ríkjandi.*

*Mosavistgerðir eru viðkvæmar og með minni virkni en vistgerðir þar sem að háplöntur eru ríkjandi. Þær eru með lágvaxinn gróður og oft litla háplöntuþekju, þessar vistgerðir lenda því oft í milliflokkinum í ástandskortinu (eru gulir). Á mörgum stöðum endurspeglar þessar mosavistgerðir vistgetu landsins á viðkomandi svæði (þ.e. eru „eðlilegt“ ástand) en þar sem að fyrsta stöðumat GróLindar tekur ekki tillit til vistgetu lands heldur er aðeins að horfa á land út frá vistfræðilegri virkni og viðkvæmni lenda þessar vistgerðir í gulum flokki (jafnvel neðar ef að rof er á svæðinu). Á næstu mánuðum mun Landgræðslan koma fram með „vistgetukort“ af landinu og verður þá hægt að skilja á milli svæða svæði þar sem að ástand lands m.t.t. vistfræðilegrar virkni og viðkvæmni er minni en hún gæti verið m.v. legu í landi, loftslag, jarðveg ofl.*

*2. Mosaríkt land í halla (oftast N/V hlíðar)*

*Töluvert er um að mosavaxnar N/V hlíðar fjalla á afréttinni séu flokkaðar í neðsta eða næstneðsta ástandsflokk GróLindar (Mynd 1). Ástæða þess er sú að við flokkun lands í vistgerðir hjá Náttúrufræðistofnun Íslands voru allar móa- og mosavistir í yfir 20 gráðu halla skilgreindar sem skriðuvistir. Samkvæmt lýsingu á skriðuvistum eru þær oft óstöðugar, lítt grónar og með lítið kolefni og fá þær því lága ástandseinkunn. Ef að eitthvað rof er í hlíðunum dregur það einkunn hlíðanna ennþá meira niður. Vel mosavaxnar hlíðar eru því að fá lægri einkunn í stöðumatinu en þær ættu að hafa í raunveruleikanum.*

*3. Uppgræðslur undir Valafelli og annað land sem hefur verið að gróa upp*

*Þar sem að rofkortlagningin er orðin yfir 20 ára gömul er við því búist að nýleg uppgæðslusvæði og svæði sem hafa verið að gróa upp seinustu árin séu metin með meira rofi en í raun er og fái því lægri einkunn í stöðumatinu. Hinsvegar eru svæði sem hafa gróið upp á seinustu árum (eins og nýlegar uppgæðslur) mjög viðkvæm svæði, lítið kolefni hefur safnast saman í jarðvegi og gróðurþekja er óþétt. Skoða þarf flokkun uppgæðslusvæða betur.*

*Hægt er að taka að einhverjum hluta undir gagnrýni upprekstraraðila á ástandsmat GróLindar á Landmannaafrétti. Fyrsta stöðumat GróLindar er byggt á fyrirliggjandi gögnum og er á frekar grófum kvarða og eins og þessi skoðunarferð sýnir er stöðumatið ekki gallalaust. Umræða í ferðinni var*

*uppbyggileg og til þess fallin að bæta verkefnið. Upprekstraraðilar voru áhugasamir um að setja upp eigin mæltreiti til þess að fylgjast með ástandi, en slíkt kerfi verður hluti af GróLind þegar fram í sækir.*

**Niðurstaða:** Fundir með upprekstraraðilum á vettvangi þar sem farið er yfir flokkun viðkomandi svæða og forsendur á bak við eru mjög jákvæðir og þyrftu að koma til víðar. Mjög æskilegt er að uppfæra rofkortið sem gildir 1/3 af ástandsmati GróLindar, bæði í tíma og skala. Hafa þarf samband við Náttúrufræðistofnun Íslands og ræða við þau um hvernig land í halla er flokkað. Skoða þarf flokkum uppgræðslusvæða fyrir næstu útgáfu kortins. “



„Mynd 1. Mosavaxin hlíð á Landmannaafrétti, sem flokkast sem ljónslappaskriðuvist í vistgerðakorti NÍ.“ (Úr minnisblaði Landgræðslunnar).

Þess ber að geta að nytjaréttihafar/upprekstraraðilar telja norðurhlíð Sátu (762 m.y.s.) sem sjá má á mynd 1. ekki vera mosavaxna hlíð. Norðurhlíð Sátu er grösug og þar er einnig töluvert af grávíði sem talin er vera vísiplanta þegar vöktunarpunktur vegna GróLindar eru lagðir út. Í vefsjá GróLindar er norðurhlíð Sátu flokkuð í lakasta gróðurflokkinn, Flokk 1, þ.e. í sama flokk og sandar og auðnir eru flokkaðar í.

Upprekstraraðilum er ekki kunnugt um að búið sé að uppfæra rofkort Rala og vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands í kortagrunni GróLindar og að ekki sé búið að gera vistgetukortin. Teljum því ekki hægt að byggja á gagnagrunni GróLindar að svo stöddu við gerð nýrra landbótaáætlanna og mat á sjálfbærum beitarsvæðum. Byrja verður á byrjuninni að gögnin séu rétt og nothæf.

Nytjaréttihafar/upprekstraraðilar á Landmannaafrétti hafna algjörlega *Viðauka I* í reglugerðardrögunum þar sem ekki er hægt að treysta á gögn GróLindar. Hálendi Íslands hefur verið beitt frá landnámi við ýmsar aðstæður. Beitartími var lengri og fjöldi fjár var meiri áður fyrr. Með tilkomu landbótaáætlana upp úr aldamótunum 2000 er beitin ákaflega vel skipulögð, beitartími er skilgreindur, dagsett hvenær má sleppa fénu, hvar því er sleppt og nákvæm skráning um fjölda fjár sem beitt er á afréttinn auk uppgræðsluáætlunnar. Með landbótaáætlunum erum við

með mjög gott beitarskipulag og beitarstýringu á afréttunum eða þeirra svæða sem landbótaáætlanir taka yfir, hóflegur beitarþungi og beitarálag lítið.

Í þessu samhengi má nefna að ekki er til slíkt skipulag yfir aðrar tegundir sem nýta t.d. Landmannaafrétt og má þar nefna ferðamenn. Þeir mega mæta inn á hálendi Íslands um leið og búið er að stinga í gegnum síðasta skaflinn að vori þrátt fyrir að svæðið séu engan vegin í stakk búið til þess að taka við ferðamannaumferð. Það er enginn „beitartími“, engar fjöldatakmarkanir né hæðartakmarkanir varðandi ferðamenn og ber *viðauki IV* í reglugerðardrögum þess merki þar sem léttvæg upptalning er á nokkrum punktum um hvað æskilegt sé að gera. Þessi upptalning er í engu samræmi við *viðauka I* í reglugerðardrögum þar sem gerðar eru miklar kröfur um viðmið varðandi beit og hvað sé sjálfbært og hvað sé ósjálfbært.

Varðandi *viðauka I* í reglugerðardrögum þykir upprekstraraðilum ákaflega einkennilegt að setja fram matskerfi þar sem láglendi og hálendi er skilgreint á sama hátt. Jarðvegsegerð og veðurfar á láglendi og hálendi er of ólíkt til þess að geta flokkað slík svæði eftir sama kerfi. Hálendi Íslands er undir snjó um 9 mánuði á ári og losa því að öllum líkindum lítið sem ekkert kolefni.

Nytjaréttshafar/upprekstraraðilar furða sig á því að beitarþungi og fjöldi beitarfjár sé hvergi nefndur en það er einmitt lykillinn að því hvort beit er sjálfbær eða ekki á ákveðnum svæðum þ.e. hvort viðkomandi svæði beri beitina sem á því er.

Nytjaréttshafar/upprekstraraðilar hafna því alfarið að viðmið um hæð yfir sjávarmáli og halli mældur í gráðum sé notaður varðandi mat á sjálfbærni lands og hvort brattlend fjöll séu beitarhæf samkvæmt lið C í *viðauka I*.

Nytjaréttshafar/upprekstraraðilar hafna alfarið lið C-IV í *viðauka I*, að það sé ákveðið að land í yfir 700 m.h.y.s geti aldrei talist til beitarlands og að land í yfir 30 gráðu halla geti aldrei talist til beitarlands. Með þessari skilgreiningu er verið að útiloka gríðarlega mikil beitarsvæði á Íslandi bæði á láglendi og hálendi. Þeir sem fara um hálendi Íslands sjá allskonar fjöll. Sum eru gróin en önnur eru ekki gróin og veldur þar mestu jarðvegsgerð. Á Landmannaafrétti eigum við eitt fjall sem heitir Löðmundur (1051 m.y.s.) og er hann gróinn frá toppi til táar. Gríðarlega gott beitaland en með reglugerðardrögum er Löðmundur útilokaður sem beitaland. Við eigum einnig Rauðfossafjöllin en þau eru nánast alveg ógróin, þar er heldur engin beit. Beitarrannsóknir upprekstraraðila sýna á sl. 5 árum, þar sem GPS sendar voru settar á ær, að þær beita sér ekki á slík svæði eins og Rauðfossafjöllin. Þær beita sér ekki á náttúrulegar auðnir. Þær ferðast stundum yfir slík svæði en það eru ekki beitarsvæðin þeirra. Í grein doktors Önnu Guðrúnar Þórhallsdóttur í Bændablaðinu 3. október 2019 kemur fram að beit er lykilatriði í hringrás næringarefna í öllum vistkerfum. Grasbítar bíta plöntur og skila frá sér auðleysanlegum næringarefnum með skítinum sem gengur niður í jarðveginn og nærir gróður, þannig myndast hringrás og vistkerfum vindur fram. Til að viðhalda graslendi þarf beit því annars breytist graslendið í mosabreiðu. Í grein dr. Önnu Guðrúnar Þórhallsdóttur í Bændablaðinu 5. maí 2021 kemur fram að hin mikla útbreiðsla graslendis á Íslandi sé án efa til komin vegna beitar. Beitin færir vistkerfi í átt að graslendi – á kostnað fléttna, mosa og kjarrlendis jafnframt því að þetta rôtarmassa. Anna Guðrún segir að sú hugmynd hafi komið fram og sé lífseig að ekki sé æskilegt að beita í halla þar sem beitin valdi rofi – að brekkur og halla þurfi að friða. Við friðun slíkra svæða minnkar hlutdeild grasa en mosi og fléttur koma inn í staðinn. Þar sem mosi og fléttur hafa ekki eiginlegar rætur gisnar svörðurinn, jarðvegurinn verður lausari og fer að síga niður hallann. Mikilvægi beitar til að viðhalda þéttum sverði í brekkum og miklum halla sést best í svissnesku Ölpunum þar sem seljabúskapur hefur verið stundaður í hundruð – ef ekki þúsundir ára. Brattar brekkur svissnesku alpanna eru víðast

grasi grónar – og þar er þéttur og sterkur svörður sem er viðhaldið af beitardýrum sem ganga þar sumarlangt.

Náttúrulegar auðnir eru á hálendi Íslands og munu verða á hálendi Íslands þó enginn kæmi þangað í 100 ár. Það eina sem gæti breytt þessum auðnum í gróður er hækkandi meðalárshiti. Í *viðauka I* í reglugerðardrögunum 3. gr. er nefnd svokölluð *innleiðing* þar sem landnotendum er gefið tækifæri á að bregðast við reglugerðardrögunum og innleidd í áföngum 1. 2. og 3.

Nytjaréttihafar/upprekstraraðilar hafna þessum innleiðingarkröfum þar sem tímarammi er allt of naumur. Að láta sér detta það í hug að hægt sé að breyta náttúrulegum auðnum í gróið land á 10 árum er mjög óraunhæft. Nefnum hér í þessu samhengi að Veiðivatnasvæðið á Landmannaafretti hefur verið friðað fyrir beit í rúm 70 ár, en þar eru gríðarlegar náttúrulegar auðnir. Þrátt fyrir friðun hefur ekki verið meiri gróðurframvinda á Veiðivatnasvæðinu en annarsstaðar á Landmannaafretti.

### Niðurstaða:

**Nytjaréttihafar og upprekstraraðilar á Landmannaafretti hafna alfarið drögum að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu. Hafna alfarið viðauka I: „*Sjálfbær landnýting - mat á ástandi beitolands*“. Byggja þarf á traustari grunni en GróLind er í dag við útreikninga á viðmiðum. Einnig sé óásættanlegt að leggja að jöfnu og setja undir sama hatt láglandi og hálendi, það er einfaldlega ekki samanburðarhæft. Nytjaréttihafar og upprekstraraðilar hafna alfarið að land í yfir 700 m.h.y.s og land í yfir 30 gráðu halla muni aldrei geta talist til beitarlanda. Undirrituð telja grundvallaratriði að taka tillit til beitarþunga og beitarþéttleika þegar fjallað er um hvort beit er sjálfbær eða ekki. Nytjaréttihafar og upprekstraraðilar á Landmannaafretti telja að fyrirbyggjandi drög séu ónothæf og að semja þurfi upp á nýtt drög að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu þar sem fulltrúar nytjaréttihafa/upprekstraraðila verði kallaðir til við vinnslu draganna.**

Fjallskilanefnd Landmannaafreftar

Kristinn Guðnason formaður

Ófeigur Ófeigsson

Ketill Gíslason

Guðlaug Berglind Guðgeirsdóttir varamaður